

## Fundargerð

### 250. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 27. mars 2018 kl. 12<sup>15</sup> – 14<sup>15</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG) ÚS  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) fjarverandi  
Dagbjört V. Birgisdóttir (DVB) vm (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) fjarverandi  
Halldór Haraldsson (HH) vm (HÞH)  
Lúðvík Gústafsson (LG) fjarverandi  
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Loftlagsmarkmið
- (3) Pappa- og plastumbúðir
- (4) Lög um úrvinnslugjald
- (5) Raf- rafeindatæki
- (6) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (7) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (249 fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Loftlagsmarkmið

Á fundinum voru lögð fram drög að yfirlýsingu sem umhverfis- og auðlindaráðherra kynnti fyrir forstöðumönnum um loftlagsmarkmið stofnana UAR. ÓK fór yfir væntanlega markmiðssetningu. Það er stefnt er að því að gera starfsemi þeirra kolefnishlutlausu. Í því felst m.a. að kortleggja losun, setja markmið um samdrátt og að birta upplýsingar um framgang og árangur.

#### 3. Pappa- og plastumbúðir

ÓK fór yfir þá erfiðleika sem eru á alþjóðlegum endurvinnslumörkuðum fyrir plastumbúðir, m.a. blandaðar plastumbúðir frá heimilum. Svipuð þróun virðist eiga sér stað á endurvinnslumörkuðum fyrir pappambúðir þar sem verð hafa einnig lækkað verulega á þessu ári.

ÓK fór yfir þessa þróun, og sýndi glæru um verðþróun frá 2012-2018 á pappamörkuðum.

Stjórnarmenn ræddu stöðuna sem upp er komin hvernig best væri að bregðast við fallandi verði á mörkuðum.

#### 4. Lög um úrvinnslugjald

Lagðir voru fram á fundinum minnispunktar frá GGP, m.a. í framhaldi af umræðum á síðustu stjórnarfundum og á fundi GGP og ÓK með umhverfisráðherra um plastumbúðir.

GGP fór yfir það, með það í huga að stjórn ræddi á næstu stjórnarfundum, hvort að stjórn Úrvinnslusjóðs leggi til við umhverfisráðuneytið að ráðuneytið setji á fót vinnuhóp til yfirferðar og endurskoðunar á lögum um úrvinnslugjald.

BHG lagði á það áherslu að Úrvinnslusjóður sendi inn fullbúnar tillögur að lagbreytingu áður en ósk verði send til UAR um breytingu á lögum. BS tók undir og taldi að stjórn og starfsmenn yrðu sjá fyrir þær áskoranir sem bíða vegna breytinga á meðhöndlun úrgangs í nýrri tilskipun ESB um hringrænt hagkerfi.

Tekið var upp frá síðasta stjórnarfundum beiðni Restart á Akureyri um styrk.

*Stjórn hafnar styrkbeiðni Restart.*

#### 5. Raf- og rafeindatæki

ÍG sagði frá „17th International Electronics Recycling Congress IERC 2018“ sem hún sótti í Salzburg.

ÍG lagði fram fram minnisblað um helstu umræðuefni ráðstefnunnar. Stjórnarmenn ræddu stöðu mála á Íslandi vegna meðhöndlunar á raf-rafeindabúnaði.

Hrefna yfirgefur fund kl. 13:45

#### 6. Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar

Ósk um að gerast ráðstöfunaraðili fyrir meðhöndlun á umbúðum úr pappa og pappír samkvæmt skilmálum ÚRVS-XVIII-01

Umsóknaraðili óskaði nafnleyndar.

*Samþykkt*

HH yfirgaf fund 14:10

#### 7. Önnur mál

ÓK fór yfir að Fjársýsla ríkisins vinnur að gerð stofnefnahagsreiknings fyrir Úrvinnslusjóðs 1.1.2017. Nokkrar breytingar eru gerðar, m.a. á flokkun liða til samræmis við ársreikningalög. Meðal breytinga er að það sem áður var fært sem bundið eigið fé er nú fært sem hrein eign. Bundið eigið fé verður 0 í ársbyrjun 2017.

Næsti fundur ákveðinn 10. apríl 2018.

Fundi slitið kl. 14.15

*Byrd. Lambard.*  
*BS* *ABJ* *SH*